

Samþykkt

um kynbætur hesta í Fljótsdalshjæraði.

Sýslunefndirnar í Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu hafa, samkvæmt lögum 11. desember 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. desember 1901 við nefnd lög, gert eftirfylgjandi

samþykkt

um kynbætur hesta í Fljótsdalshjæraði (Skriðdals-, Valla- og Eiðahreppum í Suður-Múlasýslu og Hjaltastaðar-, Tungu-, Fella-, Fljótsdals-, Jökuldals- og Hlíðahreppum í Norður-Múlasýslu).

1. gr.

Á Fljótsdalshjæraði skulu allir vera skyldir til að hafa gelt graðfola sína áður en þeir eru 1½ árs gamlir, nema þeir hafi verið valdir til undaneldis af hlutaðeigandi hestaræktunarfjelagi eða hreppsnefnd, sje fjelag eigi til.

2. gr.

Óheimilt er að láta graðfola eldri en 1½ árs ganga lausa, jafnt í eigin landi sem í annara, jafnt í heimalöndum sem á afrjettum, hvort sem eigandi er einstakur maður eða fjelag.

3. gr.

Nú vanrækir einhver geldingu á graðfola, samkvæmt 1. gr., eða gæslu, samkvæmt 2. gr., þá er heimilt að taka graðfola, hver sem finnur, og fara með hann sem óskilafje.

4. gr.

Nú hefir einhver orðið fyrir skaða fyrir það, að gelding eða gæsla graðhests hefir verið vanrækt, samkvæmt 1. og 2. gr., svo hann fyljar hryssu, skemmir hesta eða því um líkt, skal þá sá, sem fyrir skaða verður, eiga heimt-ing á fullum skaðabótum af þeim, sem graðhest á.

Ákvæði þetta gildir um alla ógelta hesta, sem hittast á samþyktaarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan þess.

5. gr.

Kostnaður við að handsama graðhesta og flytja til oddvita greiðist eftir mati hreppsnefndar af söluverði graðhests eða innlausnargjaldi, eins og venja er með óskilafje. Skaðabætur, samkvæmt 4. gr., greiðist eftir mati tveggja óvilhallra manna, og útnefna málsaðilar sinn manninn hvor. Komi matsmenn sjer ekki saman um skaðabætur, kjósa þeir sjer oddamann með samkomulagi eða hlutkesti, og er mat þeirra gildandi. Skaðabætur falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda.

6. gr.

115

Enginn má nota aðra graðfola til undaneldis en þá, sem valdir eru þar ^{23. nóv.} til af hestaræktunarfjelagi eða fjelögum eða sje ekkert slíkt fjelag til, þá afhut-
aðeigandi hreppsnefndum. Skytt er fjelögum eða hreppsnefndum að sjá um, að
ávalt sjeu til hæfilega margir graðhestar til undaneldis, og þeir sjeu geymdir á
hentugum stöðum, enda hafa vald til að ákveða folatoll.

7. gr.

Graðhestar skulu vera stórir, einlitir, vel skapaðir, gallalausir og af góðu
kyni. Sömu einkenni skulu þær hryssur hafa, sem undaneldisfolar eru valdir
undan. Eigi má nota fola til undaneldis yngri en 3 vetra, og eigi skulu grað-
hesta-mæður vera yngri en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

Fóðrun og hirðing folamæðra og fola, sem ætluð er til undaneldis, skal
vanda sem best.

Leita skulu fjelög og hreppsnefndir álits fagmanna, ef til eru, um val
undaneldishesta.

Skyldur skal hver hryssueigandi á samþyktarsvæðinu að láta fala grað-
fola til undaneldis, ef óskað er, gegn skaðlausu endurgjaldi.

8. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktarsvæðinu hafa á hendi eftirlit með því, hver
í sínum hrepp, að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt. Þó geta hrepps-
nefndir falið eftirlitið hestaræktunarfjelögum, ef til eru, og þau vilja takast það
á hendur. Kostnaður sá, sem af því leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi hreppasjóðum.

9. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 1—50 kr., sem renna hálf-
ar til uppljóstrarmanns og hálfar í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið
er framið.

10. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1910 og birt
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. nóvember 1909.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.